

GJALDSKRÁ

Sjúkratrygginga Íslands, fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

1. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða, að hluta eða öllu leyti, kostnað samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þeirra tannlækninga, þ.m.t. tannréttinga, sem sjúkratryggingar taka þátt í samkvæmt reglugerð nr. 451/2013, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, og þeirra tannlækninga sem slysatryggingar taka þátt í skv. IV. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, enda hafi ekki verið um þær samið skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

2. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tannlækninga, sbr. 4. gr., í þeim hlutföllum sem tilgreind eru í reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, d-lið 1. mgr. 32. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og reglugerð nr. 541/2002, um endurgreiðslu slysatrygginga á nauðsynlegum kostnaði vegna sjúkrahjálpar. Skilyrði er að framvísað sé reikningum vegna viðkomandi meðferðar sem eru jafnháir eða hærri en samsvarar endurgreiðslum samkvæmt gjaldskrá þessari. Ef reikningur er lægri skal endurgreiðslan reiknuð af verði tannlæknis á sama hátt.

3. gr.

Endurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands vegna fastra tanngerva og tannplanta framan við endajaxla, sbr. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar miðast við kostnað allt að kr. 80.000 á hverju tólf mánaða tímabili, enda hafi meðferðin farið fram á sama tímabili. Þannig er endurgreiðsla vegna einstaklings sem ekki fær tekjutryggingu, sbr. 4. tl. 6. gr. reglugerðarinnar, allt að kr. 40.000, vegna einstaklings sem fær tekjutryggingu, sbr. 3. tl. 6. gr., allt að kr. 60.000 og vegna einstaklings sem er langsjúkur á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili eða hjúkrunar-rými, sbr. 1. tl. 6. gr., allt að kr. 80.000.

Endurgreiðsla á umtalsverðum tannlæknisteknaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma, sbr. 13. gr. reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, takmarkast við 75% eigin kostnaðar umfram kr. 40.000 á hverju almanaksári.

4. gr.

Gjaldskrá:

Gjald- númer	Heiti verks	Tannlækningar barna, yngri en 18 ára, skv. 1. og 2. tl. 6. gr. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um	Aðrar tannlækningar skv. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um
	<i>Tannlækningar aðrar en tannréttingar:</i>	Verð kr.	Verð kr.
	Skoðun		
001	Viðtal	2.670	1.780
002	Bráðahjálp	2.670	1.780
003	Skoðun nýs sjúklings	3.990	2.660
004	Áfangaeftirlit	2.670	1.780
005	Tilvísun	1.320	880
006	Umsókn eða áverkavottorð til Sjúkratrygginga Íslands	2.150	1.430
007	Greinargerð að ósk Sjúkratrygginga Íslands	4.280	2.850
011	Tannrótarmynd	1.530	1.020
012	Bitmynd	1.530	1.020

Gjald-númer	Heiti verks	Tannlækningar barna, yngri en 18 ára, skv. 1. og 2. tl. 6. gr. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um	Aðrar tannlækningar skv. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um
	<i>Tannlækningar aðrar en tannréttingar:</i>	Verð kr.	Verð kr.
013	Heildarröntgen, fullorðinstennur, a.m.k. 10 smámyndir		7.590
018	Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.)	3.060	2.040
024	Ljósmynd	435	290
030	Yfirborðsdeyfing	630	420
031	Ísiunardeyfing	930	620
032	Svæðisdeyfing	1.560	1.040
035	Glaðloft og sefjun með lyfjagjöf	2.670	1.780
040	Aðlögunarmeðferð	2.670	1.780
041	Meðhöndlun á tannlæknisfælni	12.600	12.626
052	Vefjasýni úr mjúkvef, sjálfstæð aðgerð	6.660	4.440
053	Vefjasýni úr yfirborði beinvefs, sjálfstæð aðgerð	6.660	4.440
054	Vefjasýni úr mjúkvef tekið samfara aðgerð	6.660	4.440
055	Vefjasýni úr beini tekið samfara aðgerð	6.660	4.440
056	Munnvatnsmæling og rannsókn með greinargerð til SÍ	16.010	10.670
060	Vitjun/bráðaútkall	5.340	3.560
090	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar		
	Forvarnir		
101	Fræðsla, leiðbeiningar	2.670	1.780
104	Tannsteinn, tannsykla og litur fjarlægður af tönnum, hvor gómur	2.670	1.780
107	Gómglaera/lyfjahald	9.210	6.140
110	Flúormeðferð barna, báðir gómar	4.215	
112	Flúormeðferð fullorðinna, hvor gómur		1.780
113	Meðhöndlun viðkvæmra tannhálsa, 1-4 tennur	2.670	1.780
114	Meðhöndlun viðkvæmra tannhálsa, fleiri en 4 tennur	4.005	2.670
115	Skorufylla, fyrsta tönn	3.495	
116	Skorufylla, viðbótartönn í sama munnfjórðungi	2.850	
117	Forvarnarfylling eða vegna glerungseyðingar	5.085	
118	Flúormeðferð áhættubarna, báðir gómar	4.215	
190	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar		
	Fyllingar		
201	Tannlit fylling, 1 flötur	8.085	5.390
212	Tannlit fylling, 2 fletir	12.275	6.850
213	Tannlit fylling, 3 fletir	11.190	7.460
214	Tannlit fylling, 4 eða fleiri fletir	12.045	8.030
231	Silfurlendisfylling, 1 flötur	7.785	5.190
232	Silfurlendisfylling, 2 fletir	10.275	6.850
233	Silfurlendisfylling, 3 fletir	11.190	7.460
235	Silfurlendisfylling, 4 eða fleiri fletir	12.045	8.030
241	Bithækkun með plasti, hver jaxl	7.640	5.090
245	Bráðabirgðafylling	2.850	1.900
250	Rýmishaldari	5.340	
251	Spelkun tanna		3.560
255	Bráðabirgðatönn fest í skarð	14.730	9.820
256	Tannbeinsstifti (parapúlpapinni)	2.670	1.780
257	Staðlað rótarstifti úr málm, trefjaplasi eða keramik	3.255	2.170

Gjald- númer	Heiti verks	Tannlækningar barna, yngri en 18 ára, skv. 1. og 2. tl. 6. gr. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um	Aðrar tannlækningar skv. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um
	<i>Tannlækningar aðrar en tannréttingar:</i>	Verð kr.	Verð kr.
258	Stál- eða plastkróna	9.570	6.380
259	Bráðabirgðakróna/-brú á tannplanta í tannstæðum 13-23		10.510
260	Gúmmídúkur	930	620
290	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar		
	Rótfyllingar		
301	Kvikupækja	8.010	5.340
306	Kvika barnatannar fjarlægð og felld (formocresol)	12.000	8.000
308	Rótarendaörvun með Ca(OH) ₂	9.330	
311	Kvikunám, 1 gangur	9.330	6.220
312	Kvikunám, 2 gangar í sömu tönn	10.665	7.110
313	Kvikunám, 3 gangar í sömu tönn	14.670	9.780
314	Kvikunám, 4 eða fleiri gangar í sömu tönn	18.630	12.450
315	Útvíkkun, 1 rótargangur	6.600	4.440
316	Útvíkkun, 2 rótargangar	8.010	5.340
317	Útvíkkun, 3 rótargangar	10.665	7.110
318	Útvíkkun, 4 eða fleiri rótargangar	13.440	9.780
319	Gömul rótfylling fjarlægð og útvíkkun, hver gangur		3.560
320	Rótfylling, 1 gangur	9.330	6.220
321	Rótfylling, 2 gangar í sömu tönn	10.665	7.110
322	Rótfylling, 3 gangar í sömu tönn	14.670	9.780
323	Rótfylling, 4 eða fleiri gangar í sömu tönn	12.450	12.450
325	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 1 gangur	14.670	9.780
326	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 2 gangar í sömu tönn	18.675	12.450
327	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 3 gangar í sömu tönn	24.015	16.010
328	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 4 eða fleiri gangar	30.740	17.790
330	Tönn lýst innan frá, fyrsta heimsókn		3.690
331	Tönn lýst innan frá, milliheimsókn		3.690
390	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar		
	Tannvegslækningar		
401	Pokamæling, skráning og greining, hvor gómur		3.560
402	Endurmat að lokinni hreinsun eða tannholdsáðgerðum		3.560
406	Djúphreinsun og ratarheflun tanna með ≥ 5 mm poka, fjórðungur		8.890
420	Flipaaðgerð án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fjórðungur		29.430
422	Flipaaðgerð, ein tönn og aðrar sambærilegar minniháttar aðgerðir		8.890
427	Tannholdsskurður, fleiri en 4 tennur	19.500	13.000
428	Tannholdsskurður, 1-4 tennur	6.660	4.440
431	Krónulenging, fyrsta tönn	17.090	11.390
432	Krónulenging, viðbótartönn	5.340	3.560
453	Tannholdsgræðlingur		15.700
457	Beinmótun, fjórðungur munns		4.990
490	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar		

Gjald- númer	Heiti verks	Tannlækningar barna, yngri en 18 ára, skv. 1. og 2. tl. 6. gr. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um	Aðrar tannlækningar skv. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um
	<i>Tannlækningar aðrar en tannréttingar:</i>	Verð kr.	Verð kr.
	Munn- og kjálkaskurðlækningar		
500	Hæg tönn eða rót dregin, hver tönn	3.345	2.230
501	Úrdráttur tannar eða rótar	6.660	4.440
502	Hæg tönn eða rót dregin, viðbótartönn	2.670	1.780
503	Úrdráttur tannar eða rótar, viðbótartönn	5.115	3.410
504	Uppkomin tönn klofin og fjarlægð	11.870	7.910
507	Tanndeiling og brottnám rótar samhliða flipaaðgerð	6.660	4.440
510	Tönn, uppkomin að fullu eða hluta, fjarlægð með skurðaðgerð	16.010	10.670
511	Tönn, beinlæg að hluta, fjarlægð með skurðaðgerð	16.010	10.670
512	Tönn, beinlæg að fullu, fjarlægð með skurðaðgerð	16.010	10.670
513	Beinlæg tönn fjarlægð í flókinni skurðaðgerð	16.010	10.670
524	Opnað inn á beinlæga tönn		10.300
525	Opnað inn á beinlæga tönn og tanntylla límd á hana		12.450
526	Rótarendaðgerð (rótastytting)	21.350	14.230
528	Fylling í rótarenda samfara aðgerð #526	7.790	5.190
530	Tönn ígrædd og spengd eftir brottfall vegna áverka	21.230	14.230
531	Tönn ígrædd og spengd eftir brottfall, viðbótartönn	5.340	3.560
532	Tönn rétt og spengd eftir los vegna áverka	19.200	12.800
533	Tönn rétt og spengd eftir los vegna áverka, viðbótartönn	5.340	3.560
534	Eftirmeðferð vegna tannáverka	2.670	1.780
535	Gert að áverkum á mjúkvefi	8.010	5.340
536	Tannkími plantað í nýtt tannstæði	21.350	14.230
537	Nýtt tannstæði útbúið	0	0
538	Aðskotahlutur fjarlægður úr mjúkvef	8.010	5.340
539	Aðskotahlutur fjarlægður úr beini	12.000	8.000
542	Aðgerð á tunguhafti	10.670	7.110
543	Aðgerð á vararhafti	10.670	7.110
545	Beinaðgerðir (torus- eða tuberaðgerðir og aðrar sambærilegar)		12.450
550	Lítið mein fjarlægt úr mjúkvef	12.000	8.000
551	Stórt mein fjarlægt úr mjúkvef	18.000	12.000
552	Mein fjarlægt úr mjúkvef, flókin aðgerð	23.420	15.490
553	Lítið belgmein fjarlægt úr beini	23.420	15.490
554	Opnað á belgmein og dreni komið fyrir	23.420	15.490
556	Lítið æxli fjarlægt úr beini	23.420	15.490
557	Tannplanti, fyrsti		62.400
558	Tannplanti, viðbótarplanti á sama aðgerðarsvæði		31.200
559	Nekrótiðskt bein fjarlægt	19.500	13.000
560	Stórt belgmein fjarlægt úr beini	30.720	20.480
561	Stórt æxli fjarlægt úr beini	30.720	20.480
562	Æxli fjarlægt úr beini, flókin skurðaðgerð	50.280	33.520
567	Kragaaðgerð við tannplanta í tannstæðum 13-23		5.340
568	Kragaaðgerð við tannplanta í tannstæðum 13-23, viðbótarplanti		2.670
570	Vefur saumaður	3.345	2.230
576	Meðferð fyrir og eftir kjálkafærsluaðgerð		26.680
580	Skorið á kýli	5.340	3.560
588	Beinrækt samfara plantaísetningu		7.600
589	Beinrækt, sér aðgerð		22.630

Gjald- númer	Heiti verks	Tannlækningar barna, yngri en 18 ára, skv. 1. og 2. tl. 6. gr. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um	Aðrar tannlækningar skv. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um
	<i>Tannlækningar aðrar en tannréttingar:</i>	Verð kr.	Verð kr.
590	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar		
	Krónu- og brúargerð		
614	Steypt keramikskel eða eðalmálmkróna		50.020
632	Stiftishetta undir ásetugóm		31.200
650	Stiftisuppbygging, köstuð		12.480
655	Milli- eða svifliður í brú		30.780
660	Ætufest brú	41.490	27.660
680	Plantakróna		50.020
690	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar		
	Heilgóma- og partagerð		
701	Stakur heilgómur		57.200
702	Heilgómasett		113.150
703	Sáragómur		62.400
704	Ásetugómur		62.400
711	Bráðabirgðapartur með 1-3 tönnum	37.590	25.060
712	Bráðabirgðapartur með fleiri en 3 tönnum	45.710	30.470
713	Stálpertur með einni eða fleiri tönnum		83.200
715	Heilgómur á tannplanta		109.200
716	Heilgómasett á tannplanta í báðum gómum		171.600
721	Fóðrun góms eða parts (relining)		21.630
722	Fóðrun góms eða parts (rebasing)		24.960
723	Bráðabirgðafóðrun góms		7.110
729	Stækkun á plastparti um eina eða fleiri tennur		9.330
731	Stækkun á stálperti um eina eða fleiri tennur		9.330
736	Viðgerð á stálperti		11.390
740	Fóðrun plantagóms		28.590
742	Laus tanngervi merkt með kennitölu		3.560
744	Lagfæringar á lausum tanngervum vegna særinda í slímhúð		1.780
760	Lagfæring á stoðtækjum og lausum tanngervum úr plasti		9.330
790	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar		
	Bitlækningar og bittæki		
921	Gnistursplata, bithækkunarplata	18.405	12.270
922	Hörð bitspelka	42.120	28.080
923	Mjúk bithlíf	18.410	12.270
926	Bitslípun	3.990	2.660
932	Þvingunar- eða krossbitsplata	42.120	28.080

Gjald-númer	Heiti verks	Aðrar tannlækningar skv. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um
	<i>Tannréttingar:</i>	Verð kr.
801	Viðtal	1.780
802	Fræðsla	1.780
803	Fyrsta skoðun	2.660
804	Áfangaeftirlit	1.780
806	Umsókn	1.430
807	Greinargerð að ósk SÍ	2.850
811	Bitmódel, slípað í bit	5.580
812	Módelgreining	4.940
813	Röntgen- eða vaxtargreining	6.300
814	Handarröntgenmynd	2.040
815	Aðskilnaður tanna	1.360
816	Röntgensmámynd	1.020
817	Prófilröntgen/PA	2.040
818	Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.)	2.040
819	Heildarröntgen, a.m.k. 10 smámyndir	7.590
820	Stálband	2.230
821	Stálband á jaxl	3.180
824	Ljósmynd	290
825	Bogatylla	2.680
826	Viðbótarbogatylla	2.110
827	Hnappur, kló, krókur, auga	2.110
828	Rörtylla	2.680
829	Postulínsæting	1.360
830	Bogi (labial)	3.760
831	Eðalbogi	4.470
832	Stálkantbogi	5.450
833	Eðalkantbogi	6.560
834	Boglykkja, bogaprep, bogakassi	610
835	Spunninn bogi	3.760
836	Hábogi	4.360
837	Innanbogi	5.700
838	Vararbogi í neðri góm	6.450
839	Skammbogi	2.720
840	Hálsbeisli	5.200
841	Hnakkabeisli með spora	5.360
842	Hátogsbeisli	5.900
843	Framtogsbeisli	11.160
844	Öryggislásar, -teygjur eða -púðar á beisli	2.230
845	Hökukappi	6.600
850	Teygjukeðja	1.130
851	Vírhnýti, hvor bogi	1.130
852	Teyghnýti, hvor bogi	610
853	Gormur	600
854	Krókur	610
855	Fjöður	1.360
856	Rennibogi	1.940
857	Snúningsfleygur	600

Gjaldnúmer	Heiti verks	Aðrar tannlækningar skv. rg. nr. 451/2013, sem SÍ hafa ekki gert samning um
	<i>Tannréttingar:</i>	Verð kr.
858	Frambitstæki (Herbst)	55.010
859	Bitspyrna	20.850
860	Vinumódel	1.780
861	Gómplata	8.710
862	Plötukrókur	890
863	Plötuklemma	1.430
864	Plötubogi	2.440
865	Undirbitsbogi	2.650
866	Plötufjöður	1.740
867	Þanskrúfa	3.070
868	Blokk	24.130
871	Bogahersla	620
872	Bogastilling	2.680
873	Aðlögun á beisli, plötu eða þenslubúnaði	2.440
874	Viðgerð á plötu með plasti	2.590
875	Lóðning eða rafsúða	1.490
876	Rafhreinsun	900
877	Endurlíming	1.400
878	Hreinsun á lími	1.400
879	Breyting eða lagfæring á bandi	1.400
881	Brottnám fastra tækja, hvor gómur	1.490
882	Stoðbogi	6.190
884	Röspun	1.400
885	Bitslípun	1.400
886	Stoðbogi (óbein aðferð)	12.370
887	Skæni	6.190
888	Rýmishaldari	3.560

5. gr.

Fyrir meðferð, sem unnin er af viðurkenndum sérfræðingi í einhverri af eftirtöldum sérgreinum, er heimilt að endurgreiða allt að 20% hærra gjald, sbr. 4. gr., fyrir þau gjaldnúmer sem tiltekin eru við videigandi sérgrein hér að neðan:

Barnatannlækningar: Öll gjaldnúmer þegar sjúklingur er barn að aldri eða andlega þroska-hamlaður.

Bitlækningar: # 001-040, 060, 101, 921-926.

Lyflækningar munnhols: # 001-060, 101, 580.

Munn- og kjálkaskurðlækningar: # 001-060, 101, 245, 250, 251, 301, 453, 457, 500-589.

Myndgreining munns og kjálka: # 001-018.

Samfélagstannlækningar: # 001-040, 060, 101-118.

Tann- og munn-gervalækningar: # 001-040, 060, 101, 250, 251, 257, 258, 614-680, 701-760, 921, 926.

Tannfylling og tannsjúkdómalækningar: # 001-040, 060, 101-118, 201-260, 301, 306, 614, 650, 660, 680.

Tannveglækningar: # 001-052, 060, 101, 104, 251, 406-457, 542-555, 557, 558, 570, 580.

Tannholslækningar: # 001-040, 060, 101, 251, 301-331, 526, 528, 530-535, 538-539, 570, 580.

Tannréttingar: # 801-888.

Öldrunartannlækningar: Öll gjaldnúmer þegar tryggður sjúklingur er 67 ára eða eldri eða langsjúkur á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými.

6. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tannlækninga, sbr. 4. gr., með eftirfarandi takmörkunum:

Skoðun.

001 Viðtal. Sjúklingur kemur í viðtal til tannlæknis. Farið yfir óskir og væntingar viðkomandi, almenn heilsufars saga og ástand munnhols rædd. Meðferðarmöguleikar ræddir. Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn og mest tvisvar á hverjum 12 mánuðum.

002 Bráðahjálp. Heimsókn sjúklings vegna bráðatilviks. Greiðist mest þrisvar í hverri heimsókn.

003 Skoðun nýs sjúklings. Fyrsta koma sjúklings til viðkomandi tannlæknis. Nákvæm sjúkrasaga skráð og ástand munnhols metið og skráð. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern nýjan sjúkling tannlæknis.

004 Áfangaeftirlit. Skráður sjúklingur kemur í reglubundið eftirlit. Við áfangaskoðun er fylgst með framvindu tannheilsu sjúklings og meðferðarþörf hans metin. Flokkun í áhættuhópa endurmetin. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

005 Tilvísun. Tilvísun á tannlækni, lækni eða annan meðferðaraðila. Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn.

006 Umsókn eða áverkavottorð til Sjúkratrygginga Íslands. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja samþykka umsókn, tilkynningu um fæðingargalla eða móttakið áverkavottorð vegna slyss, sem er bótaskyld hjá SÍ.

007 Greinargerð að ósk SÍ. Greinargerð sem SÍ hefur óskað sérstaklega eftir um flókin tannvanda tryggðs sjúklings. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja móttækna greinargerð sem SÍ hafa óskað eftir vegna umsóknar sjúklings. Greiðist ekki vegna skýringa sem SÍ kunna að óska eftir vegna reikningsfærslna tannlæknis eða ófullnægjandi upplýsinga í umsókn sjúklings.

011 Tannrótarmynd. Röntgenmynd, á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greining hennar og varðveisla með auðkenni sjúklings og tókudegi. Greiðist mest þrisvar á hverjum 12 mánuðum.

012 Röntgenbitmynd. Röntgenmynd, á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, af tannkrónum annarrar hliðar tannboga, greining hennar og varðveisla með auðkenni sjúklings og tókudegi. Greiðist mest tvisvar á hverjum 12 mánuðum.

013 Heildarröntgen fullorðinstanna. Heildarröntgen. Intraoral röntgenstatus af fullorðnum með a.m.k. 10 rótar- og bitmyndum. Aðgerðin felur í sér röntgenmyndir á stafrænu formi eða hefðbundnar filmur, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi. Greiðist mest einu sinni á hverjum 24 mánuðum.

018 Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.). Kjálkaliðsmynd, vangamynd höfuðs, breiðmynd (OPG) eða andlitsröntgenmynd, á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greining og varðveisla með auðkenni sjúklings og tókudegi. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

024 Ljósmynd. Ljósmynd tekin á filmu eða stafrænu formi til greiningar og staðfestingar á ástandi sjúklings. Greiðist mest átta sinnum á hverjum 12 mánuðum.

030 Yfirborðsdeyfing. Yfirborðsdeyfiefni sett á svæði sem deyfa skal með ísúnar- eða svæðisdeyfingu. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

031 Ísúnardeyfing. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

032 Svæðisdeyfing. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

035 Glaðloft og sefjun með lyfjagjöf. Slæving eða sefjun sjúklings með glaðlofti eða lyfjagjöf. Greiðist aðeins fyrir börn og andlega þroskahamlaða og aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

040 Aðlögunarmedferð. Fortölur sjúklinga með mikla tannlæknaþælni. Greiðist aðeins fyrir börn og andlega þroskahamlaða og aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

041 Meðhöndlun á tannlækniþælni. Unnið með tannlækniþælni einstaklings með aðferðum eins og kerfisbundinni aðlögun, hugrænni atferlismeðferð eða annarri sambærilegri meðferð. Greiðist aðeins fyrir börn og andlega þroskahamlaða. Greiðist ekki með öðrum aðgerðaliðum í sömu heimsókn. Greiðist mest þrisvar fyrir hvern einstakling.

052-055 Vefjasýni og aðrar rannsóknir. Vefjasýni úr mjúkvæf eða beini, smitstrokur, munnvatnssýni og þvíumlíkt. Greiðist aðeins einu sinni í hverri heimsókn (endurgreiðslureglur vantaði).

056 Munnvatnsmæling vegna tannátu eða glerungseyðingar. Mælt er örvað og óörvað munnvatnsflæði, sýrustig munnvatns og stuðpúðavirkni þess, tannátubakteríur og sveppir taldir. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn frá sérfræðingi sem SÍ hafa samið við um munnvatnsmælingar.

060 Vitjun/bráðaútkall. Bráðaútkall utan vinnutíma tannlækni eða vitjun til óferðafærs sjúklings, heima eða á stofnun. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja vitjun eða útkall.

Forvarnir.

Fara skal eftir klínískum leiðbeiningum frá landlækniembættinu og SIGN varðandi flokkun einstaklinga í áhættuhópa vegna tannátu.

101 Fræðsla, leiðbeiningar. Sjúklingur fræddur um ástand munnhols og leiðbeint um tannhirðu, lífsvenjur, val og notkun tannhreinisætkja. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum. Greiðist ekki samfara gjaldskrárnúmerum 701-716, 921 eða 922.

104 Tannsteinn, tannskýla og litur fjarlægður af tönnum, hvor gómur. Tannskýla hreinsuð af tönnum. Tannsteinn fjarlægður og tennur þússaðar. Greiðist mest tvisvar í hverri heimsókn og mest fjórum sinnum á hverjum 12 mánuðum. Greiðist hvorki með gjaldskrárnúmeri 110 né 118.

107 Lyfjahald. Þunnri plastglæru, gerðri á afsteypu af tönnum sjúklings, komið fyrir í munn til að halda lyfi að tönnum eða slímhúð. Aðgerðin felur í sér máttöku, mátun, aðlögun og lokafrágang. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm á hverjum 24 mánuðum. Verkið skal skrá á svæði 01 fyrir efri góm eða 02 ef lyfjahald er fyrir neðri góm.

110 Flúormeðferð barna, báðir gómar. Tannskýla fjarlægð og flúor borinn á tennur í forvarnar- og meðferðarskyni. Greiðist aðeins fyrir börn í áhættu vegna tannátu, og mest einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 110 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í áhættu vegna tannátu samkvæmt klínískum leiðbeiningum landlækni. Greiðist hvorki með gjaldskrárnúmeri 118 né á næstu sex mánuðum eftir að það hefur verið greitt.

112 Flúormeðferð fullorðinna, hvor gómur. Tannskýla fjarlægð og flúor borinn á tennur í forvarnar- og meðferðarskyni. Greiðist aðeins fyrir sjúklinga í sérstakri áhættu vegna tannátu, 18 ára og eldri, og mest fjórum sinnum á hverju 12 mánaða tímabili.

113 Meðhöndlun viðkvæmra tannhálsa, 1-4 tennur. Tannhálsar meðhöndlaðir með sérstökum efnum, öðrum en flúor, t.d. desensitizing agents, til að minnka viðkvæmni tanna. Greiðist mest tvisvar á hverju 12 mánaða tímabili.

114 Meðhöndlun viðkvæmra tannhálsa, fleiri en 4 tennur. Tannhálsar meðhöndlaðir með sérstökum efnum, öðrum en flúor, t.d. desensitizing agents, til að minnka viðkvæmni tanna. Greiðist mest tvisvar á hverju 12 mánaða tímabili.

115 Skorufylla, fyrsta tönn. Skora í tyggifleti eða í pyttum fyllt í forvarnarskyni. Aðgerðin felur í sér glerungsskurð, ef með þarf, hreinsun yfirborðs, sýruætingu og fyllingu skoru með plastblendi. Greiðist aðeins fyrir börn, 17 ára og yngri, í áhættu vegna tannátu. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 115 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í áhættu vegna tannátu samkvæmt klínískum leiðbeiningum landlækni. Greiðist ekki samfara fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling eða skorufylla hefur áður verið endurgreidd í sama flöt tannar.

116 Skorufylla, viðbótartönn í sama munnfjórðungi. Skora í tyggifleti eða í pyttum fyllt í forvarnarskyni. Aðgerðin felur í sér hreinsun yfirborðs, sýruætingu og fyllingu skoru með plastblendi. Greiðist aðeins fyrir börn í áhættu vegna tannátu. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 116 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í áhættu vegna tannátu samkvæmt klínískum leiðbeiningum landlækni. Greiðist ekki samfara fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling eða skorufylla hefur áður verið endurgreidd í sama flöt tannar.

117 Forvarnarfylling eða vegna glerungseyðingar. Greiðist aðeins fyrir börn í áhættu vegna tannátu. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 117 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í áhættu vegna tannátu samkvæmt klíniskum leiðbeiningum landlæknis. Greiðist ekki samfara fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling eða skorufylla hefur áður verið endurgreidd í sama flöt tannar.

118 Flúormeðferð barna í sérstakri áhættu vegna tannátu. Flúormeðferð, báðir gómar. Tannskýkla fjarlægð og flúor borinn á tennur í forvarnar- og meðferðarskyni. Greiðist aðeins fyrir börn í sérstakri áhættu vegna tannátu og mest einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili. Færi tannlæknir gjaldskrárnúmer 118 á reikning er það vottorð hans um að barnið sé í sérstakri áhættu vegna tannátu samkvæmt klíniskum leiðbeiningum landlæknis. Greiðist hvorki með gjaldskrárnúmeri 110 né á næstu sex mánuðum eftir að það hefur verið greitt.

Fyllingar.

Fylling, skv. gjaldskrárnúmerum 201-235, greiðist ekki án umsóknar ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að fylling eða skorufylla var endurgreidd í sama flöt tannar. Á reikning skal skrá fyllingu á númer þeirrar tannar, og fleti hennar, samkvæmt ISO staðli 3950, sem gert var við.

201-214 Tannlitar fyllingar. Sjá almennar skýringar.

231-235 Silfurblendisfyllingar. Sjá almennar skýringar.

241 Bithækkun með plasti, hver jaxl. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

245 Bráðabirgðafylling. Aðgerðin felur í sér hreinsun yfirborðs tannar og ísetningu og mótun bráðabirgðafyllingar. Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum fyrir rótfyllingar (301-399).

250 Rýmishaldari. Aðgerðin felur í sér aðlögun rýmishaldara, sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu með plastblendi. Greiðist aðeins eftir ótímabært tap barnatanna þegar veruleg hætta er á alvarlegri riðlun á biti vegna tanntapsins. Greiðist ekki eftir 5 ára aldur fyrir fram- og augntennur og 8 ára aldur fyrir barnajaxla nema að undangenginni samþykkt á umsókn. Verkið skal skrá á númer þeirrar fullorðinstannar sem rými er haldið fyrir.

251 Spelkun tanna. Hreyfanlegar tennur festar saman, hver sjöttungur. Aðgerðin felur í sér hreinsun yfirborðs tanna, sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum, spelkun með plastblendi og styrkingu með málm- eða glerfasaþráðum. Greiðist mest þrisvar sinnum á hverju 24 mánaða tímabili fyrir hvern sjöttung munns. Verkið skal skrá á númer þess sjöttungs sem spelkaður er.

255 Bráðabirgðatönn fest í skarð. Gervitönn eða tannkróna fest í tannlaust bil. Aðgerðin felur í sér að aðlaga tönnina í bilið, sýruætingu og meðhöndlun með bindiefnum og festingu tannar við nágrannatennur með plastblendi. Styrking úr málm- eða glerþráðum ef þurfa þykir og bitslípun. Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum fyrir krónu- og brúargerð (601-660). Greiðist mest einu sinni á hverjum 36 mánuðum fyrir hverja tönn.

256 Tannbeinsstifti (parapúlpapinni). Stifti sett í tannbein utan tannhols til að auka festu fyrir fyllingu mótaða í munni. Stifti skal vera úr gullblöndu eða títan. Greiðist mest tvisvar með hverri fyllingu.

257 Staðlað rótarstifti úr málm, trefjaplasi eða keramik. Stifti limt í rötargang rótfylltrar tannar til að auka festu fyrir fyllingu mótaða í munni. Greiðist mest tvisvar með hverri fyllingu.

258 Stál- eða plastkróna. Aðgerðin felur í sér stálkrónu, tannskurð, mótun stálkrónu, aðlögun brúna og bitsnertinga og límingu. Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum fyrir krónu- og brúargerð (601-680). Greiðist mest einu sinni á hverjum 36 mánuðum fyrir hverja tönn.

259 Bráðabirgðakróna/-brú á tannplanta í tannstæðum 13-23. Forunnin bráðabirgðakróna eða -brú á tannplanta. Aðgerðin felur í sér frágang bitsnertinga, límingu með bráðabirgðalími eða herslu á tannplantann og lokun á aðgangsopi með plastblendi. Greiðist aðeins fyrir tannplanta á fram- og augntannasvæði efri göms tennta einstaklinga. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern tannplanta.

260 Gúmmídúkur til að einangra tönn eða tennur. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir gjaldskrárnúmer 201-235 í sömu heimsókn.

Rótfyllingar.

Endurgreiðsla miðast við að í verði gjaldskrárnúmera í þessum kafla séu innifaldar röntgenmyndir, deyfing, gúmmídúkur og bráðabirgðafylling. Varðveita skal röntgenmyndir af tönn fyrir og eftir meðferð. Gjaldskrár-

númer skal skrá á númer þeirrar tannar sem unnið er við hverju sinni. Gjaldskrárnúmer 310-318 og 320-328 greiðast ekki ef minna en 3 ár eru liðin frá því að eitthvert gjaldskrárnúmera 320-328 hefur verið greitt.

301 Kvikupekja. Tannbein nærri kviku þakið með kvikupasta (Ca(OH)_2 , MTA eða viðlíka). Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

306 Formokresolmeðferð. Hnoðri vættur í formokresolvökva og borinn að kvikusárinu og það fixerað (einþrepa), eða bómullarhnoðrinn er látinn liggja á sárinu til næstu heimsóknar (tvíþrepa). Greiðist aðeins fyrir barnatennur og mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

308 Rótarendaörvun með Ca(OH)_2 . Rótarendi rótopinnar tannar er örvaður til að lokast með efnun (t.d. Ca(OH)_2 eða þrísýklalyfjapasta). Rótarholið er skolað og fyllt með efninu. Greiðist mest þrísvar fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir önnur gjaldskrárnúmer kaflans fyrir sömu tönn.

311 Kvikunám, 1 gangur. Tannkvika eða dauður vefur fjarlægður úr rótarholi og gangi, gangur víkkaður út, skolaður og fylltur til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2 pasta). Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

312 Kvikunám, 2 gangar. Tannkvika eða dauður vefur fjarlægður úr rótarholi og tveimur göngum sömu tannar. Gangar víkkaðir út, skolaðir og fylltir til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2 pasta). Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

313 Kvikunám, 3 gangar. Tannkvika eða dauður vefur fjarlægður úr rótarholi og þremur göngum sömu tannar. Gangar víkkaðir út, skolaðir og fylltir til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2 pasta). Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

314 Kvikunám, 4 eða fleiri gangar. Tannkvika eða dauður vefur fjarlægður úr rótarholi og fjórum eða fleiri göngum sömu tannar. Gangar víkkaðir út, skolaðir og fylltir til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2 pasta). Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

315 Útvíkkun, 1 gangur. Gangur víkkaður frekar út, skolaður og fylltur aftur til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2 pasta). Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

316 Útvíkkun, 2 gangar. Tveir gangar sömu tannar víkkaðir frekar út, skolaðir og fylltir aftur til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2 pasta). Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

317 Útvíkkun, 3 gangar. Þrjú gangar sömu tannar víkkaðir frekar út, skolaðir og fylltir aftur til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2 pasta). Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

318 Útvíkkun, 4 eða fleiri gangar. Fjórir gangar sömu tannar víkkaðir frekar út, skolaðir og fylltir aftur til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2 pasta). Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

319 Gömul rótfylling fjarlægð. Gömul rótfylling fjarlægð. Gangur víkkaður frekar út, skolaður og fylltur aftur til bráðabirgða með sótthreinsunarinnleggi (t.d. Ca(OH)_2 pasta). Greiðist mest einu sinni fyrir hvern gang tannar. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir rótfyllingu sömu tannar.

320 Rótfylling, 1 gangur. Einn rötargangur fylltur með varanlegu rótfyllingarefni. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

321 Rótfylling, 2 gangar. Tveir rötargangar sömu tannar fylltir með varanlegu rótfyllingarefni. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

322 Rótfylling, 3 gangar. Þrjú rötargangar sömu tannar fylltir með varanlegu rótfyllingarefni. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

323 Rótfylling, 4 eða fleiri gangar. Fjórir eða fleiri rötargangar sömu tannar fylltir með varanlegu rótfyllingarefni. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.

325 Kvikunám og róttfylling, 1 gangur. Kvikunám, útvíkkun og varanleg rótargangafylling sett í einn gang í einni heimsókn. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.

326 Kvikunám og róttfylling, 2 gangar. Kvikunám, útvíkkun og varanleg rótargangafylling sett í tvo ganga sömu tannar í einni heimsókn. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.

327 Kvikunám og róttfylling, 3 gangar. Kvikunám, útvíkkun og varanleg rótargangafylling sett í þrjú ganga sömu tannar í einni heimsókn. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.

328 Kvikunám og róttfylling, 4 eða fleiri gangar. Kvikunám, útvíkkun og varanleg rótargangafylling sett í fjóra eða fleiri ganga sömu tannar í einni heimsókn. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.

330 Tönn lýst innanfrá, fyrsta heimsókn. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn og aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

331 Tönn lýst innanfrá, milliheimsókn. Greiðist mest tvisvar sinnum fyrir hverja tönn og aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

Tannveglækningar.

Endurgreiðsla miðast við að í verði gjaldskrárnúmera þessa kafla sé innifalin deyfing, saumur, sáraumbúðir, saumataka og eftirmeðferð. Meðferð skal skrá á númer þeirrar tannar eða þess svæðis munns sem unnið er við hverju sinni.

401 Pokamæling og skráning. Skoðun, mæling og skráning á ástandi tannholds fyrir allan munninn. Aðgerðin felur í sér mælingu og skráningu á tannholdspokum, færslu tannholds frá upprunalegri stöðu (recession), blæðingu og/eða greftri á 4-6 stöðum við hverja tönn. Mat og skráningu á tannlosi og festutapi í rótarklofi. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn fyrir aðra en lífeyrisþega og mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

402 Endurmat að loknum hreinsifasa eða tannholdsaðgerð. Skoðun, mæling og skráning á ástandi tannholds og mat lagt á þær breytingar sem orðið hafa á meðferðartímanum. Aðgerðin felur í sér mælingu og skráningu á tannholdspokum, færslu tannholds frá upprunalegri stöðu (recession), blæðingu og/eða greftri á 4-6 stöðum við hverja tönn. Mat og skráningu á tannlosi og festutapi í rótarklofi. Greiðist aðeins fyrir lífeyrisþega og mest tvisvar á hverjum 36 mánuðum.

406 Djúphreinsun og rótarheflun tanna með djúpa tannholdspoka, fjórðungur. Tannskýkla, tannsteinn og litur fjarlægður af krönu- og rótarhlutum tanna, sem eru með tannholdspoka dýpri en 4 mm og rótaryfirborð tanna sléttað. Greiðist aðeins fyrir lífeyrisþega og mest einu sinni á hverjum tólf mánuðum fyrir hvern fjórðung.

420 Flípaáðgerð, fjórðungur. Slímhúðarflípi er losaður frá tönnum og aðliggjandi beini, bólguvefur fjarlægður, tennur hreinsaðar og sléttaðar og flípar saumaðir saman. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn fyrir aðra en lífeyrisþega og mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í sömu heimsókn. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 420 eða 422 fyrir sama fjórðung.

422 Flípaáðgerð, 1-4 tennur. Slímhúðarflípi er losaður frá tönnum og aðliggjandi beini, bólguvefur fjarlægður, tennur hreinsaðar og sléttaðar og flípar saumaðir saman. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn fyrir aðra en lífeyrisþega og mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í sömu heimsókn. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 420 eða 422 fyrir sama fjórðung.

427 Tannholdsskurður, fleiri en 4 tennur. Mjúkvefur við tennur, á tubersvæði, í gómhvelvingu eða þvíumlíkt, fjarlægður og mótaður. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum fyrir hvern fjórðung.

428 Tannholdsskurður, 1-4 tennur. Tannhold, kórónalt við beinkant, er fjarlægt og mótað eða, skorið niður í sulcus í kringum rót tannar, að beinbrún, til að aðskilja tannvegsþræði. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum fyrir hvern fjórðung.

431 Krónulenging, fyrsta tönn. Kórónal stoðbein tannar og periodontal ligament þræðir fjarlægðir og rótar-yfirborð heflað. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

432 Krónulenging, viðbótartönn. Kórónal stoðbein tannar og periodontal ligament þræðir fjarlægðir og rótar-yfirborð heflað. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

453 Tannholdsgræðlingur. Tannholdsgræðlingur (bandvefur með eða án þekjuvefs) sóttur eða losaður á gjafa-stað, fluttur til og saumaður fastur á móttökustað. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum fyrir hvern fjórðung.

457 Beinmótun, bakflipi, gangaaðgerð eða vaxtarstýring, samhliða flippaaðgerð. Greiðist mest einu sinni á hverjum þremur árum fyrir hvern fjórðung og aðeins samfara gjaldskrárnúmerum 420 eða 422.

Munn- og kjálkaskurðlækningar.

Endurgreiðsla miðast við að í gjaldskrárnúmerum kaflans sé innifalin sóttvarnarábreiða, deyfing, saumur, spelkun, sáraumbúðir, saumataka og viðeigandi eftir meðferð. Við endurgreiðslu á gjaldskrárnúmerum 504-536, 557 og 558 er gerð krafa um að varðveitt sé röntgenmynd af viðkomandi tönn eða svæði fyrir og/eða eftir meðferð eftir því sem við á hverju sinni. Meðferð skal skrá á númer þeirra tanna eða svæða sem við á hverju sinni. Gjaldskrárnúmer 536 skal skrá á númer móttökutannstæðis.

500 Hæg tönn eða rót dregin, hver tönn. Úrdráttur tannar eða rótar með verulega skerta beinfestu. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.

501 Úrdráttur tannar eða rótar. Einfaldur úrdráttur tannar eða rótar með nokkra eða fulla beinfestu. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.

502 Hæg tönn eða rót dregin, hver viðbótartönn í sömu aðgerð. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.

503 Úrdráttur tannar eða rótar, hver viðbótartönn í sömu aðgerð. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.

504 Uppkomin tönn klofin og fjarlægð. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.

507 Tanndeiling og brotnám rótar samhliða flippaaðgerð. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.

510 Tönn, uppkomin að fullu eða hluta, fjarlægð með skurðaðgerð. Úrdráttur tannar eða rótar sem ekki er hægt að draga með einföldum hætti. Aðgerðin felur í sér að lyfta slímhúðarflipa og gera beinskurð eða hluta tönnina eftir því sem þurfa þykir. Mjúkvefur lagður til baka og saumaður. Greiðist án umsóknar fyrir aðrar tennur en endajaxla en fyrir endajaxla aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmera 500-513 fyrir sömu tönn.

511 Tönn, beinlæg að hluta, fjarlægð með skurðaðgerð. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.

512 Tönn, beinlæg að fullu, fjarlægð með skurðaðgerð. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.

513 Beinlæg tönn fjarlægð í flókinni aðgerð. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.

524 Opnað inn á beinlæga tönn til að greiða fyrir uppkomu hennar. Aðgerðin felur í sér að yfirliggjandi mjúkvefur er rofinn, bein hugsanlega fjarlægt og opið „pakkað“ meðan sárkantar gróa. Greiðist mest einu sinni á hverjum 24 mánuðum fyrir hverja tönn.

525 Opnað inn á beinlæga tönn og tanntylla límd á hana. Opnað inn á beinlæga tönn til að toga hana á réttan stað í tannboganum. Aðgerðin felur í sér að slímhúðarflipa er lyft, bein fjarlægt til að komast að tönninni,

ídráttartæki límt á tönnina, gengið frá keðju, mjúkvæfur lagður til baka og saumaður. Greiðist mest einu sinni á hverjum 24 mánuðum fyrir hverja tönn.

526 Rótarendaáðgerð (rótastytting). Rót stytt, ígerð og sýktur rótarendi fjarlægður. Áðgerðin felur í sér að slímhúðarflipa er lyft, beinskurður gerður til að komast að rótarendanum, rót stytt, mjúkvæfur lagður til baka og saumaður. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

528 Fylling í rótarenda samfara áðgerð 526. Fylling í rótarenda. Áðgerðin felur í sér tannskurð, ísetningu og frágang fyllingar. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

530 Tönn ígrædd og spengd eftir brottfall vegna áverka. Tönn, sem fallið hefur úr stæði sínu við áverka, er komið fyrir á sínum stað og spengd við aðlægar tennur. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn, fyrir hvern tilkynntan áverka.

531 Tönn ígrædd og spengd eftir brottfall, viðbótartönn. Tönn, sem fallið hefur úr stæði sínu við áverka, er komið fyrir á sínum stað og spengd við aðlægar tennur. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn, fyrir hvern tilkynntan áverka.

532 Tönn rétt og spengd eftir los vegna áverka. Tönn, sem losnað hefur og færst til í stæði sínu við áverka, er rétt og spengd við aðlægar tennur. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn, fyrir hvern tilkynntan áverka.

533 Tönn rétt og spengd eftir los vegna áverka, viðbótartönn. Tönn, sem losnað hefur og færst til í stæði sínu við áverka, er rétt og spengd við aðlægar tennur. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn, fyrir hvern tilkynntan áverka.

534 Eftirmeðferð vegna tannáverka. Greiðist mest þrisvar sinnum á fyrstu tólf mánuðum eftir að greitt var fyrir 530-533.

535 Gert að áverkum mjúkvæfja. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern tilkynntan áverka.

536 Tannkími plantað í nýtt tannstæði. Tannkími er fjarlægð úr sæti sínu og því komið fyrir á nýjum stað, þar sem það er spengt við nágrannatennur. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og mest einu sinni fyrir hverja tönn. Verkið skal skrá á númer viðtökusvæðis.

537 Nýtt tannstæði (alveolus) útbúið. Innifalið í 536 og greiðist því ekki sérstaklega.

538 Aðskotahlutur fjarlægður úr mjúkvæf. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

539 Aðskotahlutur fjarlægður úr beini. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

542 Áðgerð á tunguhafti. Tunguhaft fjarlægð með skurðaðgerð eða rafskurði. Greiðist mest einu sinni fyrir hvert svæði. Skráist á svæði munns; 01 eða 02.

543 Áðgerð á vararhafti. Vararhaft fjarlægð með skurðaðgerð eða rafskurði. Áðgerðin felur í sér skurð á vararhafti, brottnám fibrous bandvefs milli framtanna og sauma mjúkvæf eftir atvikum. Greiðist mest einu sinni fyrir hvert svæði. Skráist á svæði munns; 01 eða 02.

545 Beinaáðgerð (torus- eða tuberaáðgerð eða aðrar sambærilegar áðgerðir). Áðgerðin felur í sér að slímhúðarflipa er lyft af tannlausum beinrima, hann mótaður með beinskurði, mjúkvæfur lagður til baka og saumaður. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum fyrir hvern fjórðung.

550 Lítið mein fjarlægð úr mjúkvæf. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

551 Stórt mein fjarlægð úr mjúkvæf (stærri en 1,5 sm). Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

552 Mein fjarlægð úr mjúkvæf, flókin áðgerð. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

553 Lítið belgmein fjarlægð úr beini. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

554 Opnað á belgmein og dreni komið fyrir. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

556 Lítið æxli fjarlægð úr beini. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

557 Tannplanti, fyrsti. Slímhúðarflipa er lyft, beinskurður gerður og tannplanta komið fyrir í beini. Lokskráfa eða græðslukragi settur og mjúkvæfur saumaður að eða yfir tannplantann. Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013 en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 557 eða 558 í sama tannstæði.

558 Tannplanti, viðbótarplanti á sama aðgerðarsvæði. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013 en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 557 eða 558 í sama tannstæði.

559 Nekrótískt bein fjarlægt. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

560 Stórt belgmein fjarlægt úr beini (stærra en 1,5 sm). Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

561 Stórt æxli fjarlægt úr beini. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

562 Æxli fjarlægt úr beini, flókin aðgerð. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

567 Kragaaðgerð við tannplanta í tannstæðum 13-23. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist aðeins fyrir tannplanta á fram- og augntannasvæði efri góms tennta einstaklinga. Verkið skal skrá á númer þeirrar tannar sem tannplantinn leysir af hólmi.

568 Kragaaðgerð við tannplanta í tannstæðum 13-23, viðbótarplanti. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og aðeins fyrir tannplanta á fram- og augntannasvæði efri góms tennta einstaklinga. Verkið skal skrá á númer þeirrar tannar sem tannplantinn leysir af hólmi.

570 Vefur saumaður. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns í sömu heimsókn.

576 Meðferð fyrir og eftir kjálkafærslu. Vinnufundur með öðrum tannlæknum og sérfræðingum sem að meðferðinni koma. Greining röntgenrannsóknna. Skipulagning aðgerðar, módelkírúrgía og aðgerðarskinna gerð. Eftirlit með framvindu græðslu eftir kjálkaaðgerð þar til græðslu er lokið og sjúklingur getur haldið áfram tannréttingu. Innifalín er saumataka, allt eftirlit, brottnáam aðgerðarskinna og röntgenmyndir. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og mest einu sinni fyrir hverja kjálkafærsluaðgerð.

580 Skorið á kýli. Skorið á kýli í munnholi eða utan munns til að hleypa út greftri og, eftir atvikum, koma fyrir dreni og festa það. Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn.

588 Beinrækt samhliða plantaísetningu. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

589 Beinrækt, sér aðgerð. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

Krónu- og brúargerð.

Endurgreiðsla miðast við að í gjaldskrárnúmerum kaflans sé innifalín röntgenmynd, deyfing, tannskurður, máttaka, bitslípun, líming, frágangur og annað til fullra loka verksins. Gjaldskrárnúmer kaflans greiðast ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans, annað en 650, fyrir sömu tönn eða tannstæði. Meðferð skal skrá á númer þeirrar tannar eða tannstæðis sem unnið er við hverju sinni.

614 Steypt keramikskel eða eðalmálmkróna. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku, aðlögun tanngervis, sýruætingu, bindiefni fyrir tannbein og glerung, límingu með plastblendislími og frágang. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013 en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

632 Stíftishetta undir ásetugóm. Steypt stíftishetta með eða án festu (smellu) fyrir ásetugóm. Aðgerðin felur í sér tilslípun rötargangs og krónuhluta, mátskeið, mátun stíftishettu, yfirborðsmeðhöndlun og límingu. Greiðist mest tvisvar í hvorn kjálka. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013 en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

650 Stíftisuppygging, köstuð. Uppbygging og stífti eru steypt í einu lagi í viðurkennda málmblöndu. Aðgerðin felur í sér tilslípun rötargangs og krónuhluta, máttöku eða direkt uppyggingu úr akryl. Mátun stíftisuppyggingar, yfirborðsmeðhöndlun tannbeins og líming. Greiðist mest einu sinni í hverja tönn. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013 en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

655 Milli- eða svifliður í brú. Aðgerðin felur í sér mátskeið, máttöku, mátun kópings og tanngervis. Aðlögun milli- eða svifliðs að slímhúð, bitslípun og ísetning. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013 en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

660 Ætufest brú. Aðgerðin felur í sér tannskurð, mátskeið, máttöku, mátun tanngervis. Sýruæting, meðferð stoðtannar með bindiefnum og líming með tilheyrandi plastblendislími. Greiðist aðeins einu sinni fyrir hverja

brú og aðeins að undangenginni umsókn og þegar meðferðin er notuð sem langtíma bráðabirgðalausn þegar varanleg lausn er ekki tímabær vegna aldurs sjúklings eftir áverka eða vegna meðfæddrar tannvöntunar.

680 Plantakróna. Aðgerðin felur í sér mátskeið, máttöku, ísetningu abutments, mátun kópings og tanngervis. Ísetning með tilheyrandi límingu eða herslu og lokun aðgangsops með plastblendi. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013 en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

Heilgóma- og partagerð.

Heilgómar og partar, skv. gjaldskrárnúmerum 701-704 og 713-716 greiðast ekki án umsóknar ef minna en sex ár eru liðin frá því að munngevri var endurgreitt fyrir svæði munns. Á reikning skal skrá munngevið á númer svæðis munns, samkvæmt ISO staðli 3950, sem smíðað var í. Á sama hátt greiðast fóðranir munngera ekki án umsóknar ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að endurgreitt var fyrir smíði eða fóðrun munngervis á sama svæði munns.

Endurgreiðsla miðast við að í gjaldskrárnúmerum kaflans séu innifaldar röntgenmyndir af stoðtönnum, deyfing, tannskurður, máttaka, bitslípun, frágangur og annað til fullra loka verksins.

701 Stakur heilgómur. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

702 Heilgómasett. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

703 Sárágómur. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

704 Ásetugómur. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

711 Bráðabirgðapartur með 1-3 tönnum. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

712 Bráðabirgðapartur með fleiri en 3 tönnum. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

713 Stálpertur með einni eða fleiri tönnum. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

715 Heilgómur á tannplanta. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

716 Heilgómasett á tannplanta í báðum gómum. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

721 Fóðrun góms eða parts (relining). Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

722 Fóðrun góms eða parts (rebasin). Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

723 Bráðabirgðafóðrun góms. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

729 Stækkun á plastparti um eina eða fleiri tennur. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

731 Stækkun á stálparti um eina eða fleiri tennur. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

736 Viðgerðir á stálgrindarpörtum. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki innan þriggja mánaða frá smíði viðkomandi parts.

740 Fóðrun plantagóms. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki innan 36 mánaða frá smíði viðkomandi parts eða heilgóms.

742 Laus tanngervi merkt með kennitölu. Greiðist aðeins fyrir lífeyrisþega og mest einu sinni fyrir hvorn góm.

744 Lagfæringar á lausum tanngervum úr plasti vegna særinda í slímhúð. Greiðist ekki innan þriggja mánaða frá smíði eða föðrun tanngervisins.

760 Viðgerð á stoðtækjum og lausum tanngervum úr plasti. Greiðist ekki innan þriggja mánaða frá smíði eða föðrun viðkomandi tanngervis eða bitstoðtækis.

Tannréttingar.

Endurgreiðsla miðast við að í verði verka í þessum flokki sé innifalið tannsmíði, efni, sendingarkostnaður, öll klínísk vinna og annað, til fullra loka verksins. Meðferð í þessum flokki greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Tannréttingameðferð sjúklunga, sem fengið hafa samþykki SÍ á umsókn sinni um þátttöku í kostnaði við tannréttingar samkvæmt IV. eða V. kafla reglugerðar nr. 451/2013, greiðist aðeins samkvæmt gjaldskrárnúmerum þessa kafla.

801 Viðtal. Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn og mest tvisvar á hverjum 12 mánuðum.

802 Fræðsla. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

803 Fyrsta skoðun. Sjúklingur kemur í viðtal til tannréttingasérfræðings, farið yfir óskir og væntingar viðkomandi, almenn heilsufarssaga og ástand munnhols rædd. Meðferðarmöguleikar ræddir. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling.

804 Áfangaeftirlit. Skráður tannréttingasjúklingur kemur í reglubundið eftirlit. Við áfangaskoðun er fylgt með framvindu tannréttingameðferðar. Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn.

806 Umsókn. Umsókn til SÍ vegna tannréttinga á stöðluð eyðublöð. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja samþykta umsókn.

807 Greinargerð. Skrifleg greinargerð að ósk Sjúkratrygginga Íslands. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja móttækna greinargerð sem SÍ hafa óskað eftir vegna umsóknar sjúklings. Greiðist ekki vegna stuttra skýringa sem SÍ kann að óska eftir vegna reikningsfærslna tannlæknis eða ófullnægjandi upplýsinga í umsókn sjúklings.

811 Bitmódel, slípað í bit. Felur í sér máttöku af efri og neðri góm, bittöku, ísteypingu hjá tannsmíði og slípu í bit. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm í sömu heimsókn. Greiðist mest þrisvar fyrir hvorn góm á hverjum 36 mánuðum.

812 Módelgreining. Greining á módelum, bitafstaða skoðun, rýmismæling (Bolton greining) á báðum tannbogum vegna fyrirhugaðrar tannréttingameðferðar. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling.

813 Röntgen- eða vaxtargreining. Greining á hliðarröntgenmynd til notkunar við gerð meðferðaráætlunar eða til að meta vöxt einstaklings. Einnig við milliáfangi í tannréttingameðferð. Teikning, horna- og lengdamælingar. Greiðist mest tvisvar fyrir hvern sjúkling.

814 Handarröntgenmynd. Röntgenmynd af hönd, til að meta þroska og vöxt, á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greining og varðveisla með auðkenni sjúklings og tókudegi. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

815 Aðskilnaður tanna. Settar upp teygjur, vír eða fjaðrir til að auka bil á milli tanna. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm.

816 Röntgensmámynd. Röntgenmynd á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greining og varðveisla með auðkenni sjúklings og tókudegi. Greiðist mest þrisvar sinnum á hverjum 12 mánuðum.

817 Prófilröntgen/PA. Vangamynd höfuðs, (profilröntgenmynd). Aðgerðin felur í sér hliðarröntgenmynd af höfuðbeinum á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

818 Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.). Breiðmynd (Orthopantomogram). Aðgerðin felur í sér yfirlitsmynd af kjálkabeinum, stöðu og fjölda tanna og tannkíma, á stafrænu formi eða hefðbundna filmu, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi. Greiðist mest tvisvar á hverjum 12 mánuðum.

819 Heildarröntgen. Intraoral röntgenstatus með a.m.k. 10 rótar- og bitmyndum. Aðgerðin felur í sér röntgenmyndir á stafrænu formi eða hefðbundnar filmur, greiningu og varðveislu með auðkenni sjúklings og tókudegi. Greiðist mest tvisvar fyrir hvern sjúkling.

820 Stálband. Aðgerð felur í sér mátun á stálbandi á framtönn, augntönn eða forjaxl og límingu og hreinsun á umframlími. Samanlagt greiðast gjaldskrárnúmer 820, 821, 825, 826 og 828 mest fjórtán sinnum fyrir hvorn góm.

821 Stálband á jaxl. Aðgerð felur í sér mátun á stálbandi á jaxl, límingu og hreinsun á umframlími. Samanlagt greiðast gjaldskrárnúmer 820, 821, 825, 826 og 828 mest fjórtán sinnum fyrir hvorn góm.

824 Ljósmynd. Ljósmynd tekin á filmu eða stafrænu form til greiningar og staðfestingar ástands. Greiðist mest átta sinnum á hverjum 12 mánuðum.

825 Bogatylla. Fyrsta bogatylla. Aðgerðin felur í sér sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu bogatyllu með plastblendi. Límhreinsun innifalin. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm.

826 Viðbótarbogatylla. Aðgerðin felur í sér sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu bogtyllu með plastblendi. Límhreinsun innifalin. Samanlagt greiðast gjaldskrárnúmer 820, 821, 825, 826 og 828 mest fjórtán sinnum fyrir hvorn góm.

827 Hnappur, kló, krókur, auga. Hnappur eða krókur til notkunar með föstum eða lausum tækjum. Aðgerðin felur í sér sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu hnapps eða króks með plastblendi. Límhreinsun innifalin. Bithækkunarpallur. Aðgerðin felur í sér sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu bitkubbs á bakhlíð tannar með plastblendi. Límhreinsun innifalin. Greiðist mest tvisvar fyrir hvorn góm.

828 Rörtylla. Aðgerðin felur í sér sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu rörs með plastblendi. Límhreinsun innifalin. Samanlagt greiðast gjaldskrárnúmer 820, 821, 825, 826 og 828 mest fjórtán sinnum fyrir hvorn góm.

829 Postulínsæting. Sýruæting postulíns, sandblástur yfirborðs eða annar sérhæfður undirbúningur fyrir límingu. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm.

830 Bogi (labial). Hefðbundinn stálbogi rúnnaður í þverskurð, án lykkja, án bindingar við bogtyllu. Gjaldskrárnúmer 830-833 og 835 greiðast mest einu sinni fyrir hvorn góm í sömu heimsókn og mest níu sinnum alls fyrir hvorn góm. Greiðist ekki ef minna en sex vikur eru liðnar frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 830-833 eða 835 í sama góm.

831 Eðalbogi. Ofursveigjanlegur bogi úr titanefnum rúnnaður í þverskurð, án lykkja, án bindingar við bogtyllu. Gjaldskrárnúmer 830-833 og 835 greiðast mest einu sinni fyrir hvorn góm í sömu heimsókn og mest níu sinnum alls fyrir hvorn góm. Greiðist ekki ef minna en sex vikur eru liðnar frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 830-833 eða 835 í sama góm.

832 Stálkantbogi. Stálbogi kantaður í þverskurð, án lykkja, án bindingar við bogtyllu. Gjaldskrárnúmer 830-833 og 835 greiðast mest einu sinni fyrir hvorn góm í sömu heimsókn og mest níu sinnum alls fyrir hvorn góm. Greiðist ekki ef minna en sex vikur eru liðnar frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 830-833 eða 835 í sama góm.

833 Eðalkantbogi. Ofursveigjanlegur kantbogi úr titanefnum, án lykkja, án bindingar við bogtyllu. Gjaldskrárnúmer 830-833 og 835 greiðast mest einu sinni fyrir hvorn góm í sömu heimsókn og mest níu sinnum alls fyrir hvorn góm. Greiðist ekki ef minna en sex vikur eru liðnar frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 830-833 eða 835 í sama góm.

834 Boglykkja, -þrep, -kassi. Aukabeygjur í aðalboga. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm í sömu heimsókn. Greiðist ekki ef minna en þrjár mánuðir eru liðnar frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 834 í sama góm.

835 Spunninn bogi. Spunninn bogi, án bindingar við bogtyllu. Gjaldskrárnúmer 830-833 og 835 greiðast mest einu sinni fyrir hvorn góm í sömu heimsókn og mest níu sinnum alls fyrir hvorn góm. Greiðist ekki ef minna en sex vikur eru liðnar frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 830-833 eða 835 í sama góm.

836 Hábogi. Vararbogi í efri góm, festur á rör á jöxlum eða á sambærilegan hátt. Greiðist mest einu sinni.

837 Innanbogi. Innanbogi notaður sem rýmishaldari (lingualbogi). Tannsmíði innifalin, án vinnumáta og stálbanda. Greiðist mest einu sinni.

838 Vararbogi í neðri góm. Stífur bogi festur í rörtýllur á jöxlum (lipbumper), notaður sem hjálpertæki til að færa jaxla eða auka framhalla á framtannsvæði. Greiðist mest einu sinni.

839 Skambogi. Skambogi er styttri bogi sem gerður er milli tveggja eða fleiri bogtyllna eða tanna í bogapriðjungu. Greiðist mest tvisvar.

840 Hálsbeisli. Beisli sem er með átak aftur á háls. Teygja ekki innifalin. Stilling og leiðbeiningar um notkun innifalin. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 841-843 eða 845.

841 Hnakkabeisli með spora. Hnakkabeisli með spora þar sem sporinn er á milli framtanna, situr undir aðalboga og er notaður til að hjálpa til við bithækkun á framtannasvæði efri góms. Stilling og leiðbeiningar um notkun innifalin. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 841-843 eða 845.

842 Hátogsbeisli. Beisli með átaki upp á hnakka til að ýta jaxlasvæði efri góms upp á við og afturábak. Innifalin er stytting ytri boga og önnur aðlögun á beislinu og leiðbeiningar um notkun. Teygjan og hátogsbúnaður ekki innifalin. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 841-843 eða 845.

843 Framtogsbeisli. Framtogsbeisli (Delaire) á höku og enni til að toga fram tennur eða örva framvöxt efri kjálka. Stilling og leiðbeiningar um notkun innifalin. Greiðist mest einu sinni.

844 Öryggislásar, -teygjur eða -púðar á beisli. Öryggisteygja á hátogsbeisli, með lásnum eða öðrum öryggisbúnaði. Greiðist mest tvisvar sinnum fyrir hvern sjúkling.

845 Hökukappi. Beisli fest upp á höfuð frá höku. Notað til vaxtaraðlögunar eða til að loka biti. Stilling og leiðbeiningar um notkun innifalin. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 841-843 eða 845.

850 Teygjukeðja. Teygjukeðja eða tvinni, festur á milli bogtylla eða annarra festinga til að færa tennur. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm í hverri heimsókn.

851 Vírhnýti, hvor bogi. Festivir vafinn utanum bogtyllur eða krók. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm í hverri heimsókn.

852 Teygjuhnýti, hvor bogi. Gúmmihringir notaðir til festingar á bogum. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm í hverri heimsókn.

853 Gormur. Gormur eða gúmmihulsa þrædd upp á boga til að halda bili, færa tennur eða forða ertingu. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm í hverri heimsókn.

854 Krókur. Krókur festur á boga eða bogtyllu. Greiðist mest tólf sinnum.

855 Fjöður. Uppréttifjaðrir, torkfjaðrir, augntannafjaðrir o.fl. á föst tæki. Greiðist mest tvisvar fyrir hvorn góm.

856 Rennibogi. Aukabogi sem festur er á föst tæki til að ýta eða toga til tennur fjarri átakstað. Greiðist mest tvisvar fyrir hvorn góm.

857 Snúningsfleygur. Snúningspúði notaður á bogtyllu til að snúa tönn um lengdarás sinn. Greiðist mest tvisvar fyrir hvorn góm.

858 Frambitstæki (Herbst). Vaxtaraðlögunarhulsur ásamt tengibúnaði (Herbst). Allur búnaður innifalinn. Greiðist mest einu sinni.

859 Bitspyrna. Frambitstæki til leiðréttingar á afturbiti. Allur búnaður innifalinn. Greiðist mest einu sinni.

860 Vinnumódel. Greiðist mest tvisvar fyrir hvern sjúkling.

861 Gómplata. Grunneining í lausu tæki úr plasti. Er einnig hluti af álímdri þensluskrúfu. Stilling og leiðbeiningar um notkun innifalin. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling.

862 Plötukrókur. Krókur til að auka festu á bitplötu. Gjaldskrárnúmer 862 og 863 greiðast mest fjórum sinnum samtals.

863 Plötuklemma. Klemma, t.d. Adamsklemma, notuð til að auka festu á bitplötu. Gjaldskrárnúmer 862 og 863 greiðast mest fjórum sinnum samtals.

864 Plötubogi. Bogi sem nær yfir framhliðar á tönnum festur í bitplötu. Tannsmíðakostnaður innifalinn. Greiðist mest einu sinni. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling.

- 865 Afturvirkur plötubogi.** Notaður í undirbiti til að styðja við framtennur neðri góms. Tannsmíðakostnaður innifalinn. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling.
- 866 Plötufjöður.** Fjöður í plötu. Tannsmíðakostnaður innifalinn. Greiðist mest tvisvar fyrir hvern sjúkling.
- 867 Þanskrúfa.** Notuð í lausa plötu eða fasta skrúfu. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling.
- 868 Blokk.** Gúmmíaðlögunargómur til lokafrágangs tannréttingar (Positioner). Tannsmíðakostnaður innifalinn. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling.
- 871 Bogahersla.** Rafstraumi eða hita hleypt í gegnum boga. Greiðist mest tvisvar fyrir hvern sjúkling.
- 872 Bogastilling.** Bogi losaður út úr bogtyllum og aðlagður og komið fyrir á ný. Hnýting ekki innifalinn. Greiðist mest tíu sinnum fyrir hvorn góm.
- 873 Aðlögun á beisli, plötu eða þenslubúnaði.** Endurkomuheimsókn vegna beislis, plötu eða þenslubúnaðar. Stilling, aðlögun, hvatning. Greiðist mest átta sinnum á hverjum 12 mánuðum.
- 874 Viðgerð á plötu með plasti.** Viðgerð á plötu með plasti, eða gervitönn bætt í plötu eða sett í tannlaust bil eða eigin tapptönn stækkuð með plasti, án vinnuáts. Tannsmíðakostnaður innifalinn. Greiðist mest tvisvar fyrir hvern sjúkling.
- 875 Lóðning eða rafsúða.** Lóðning eða rafsúða á þensluskrúfum, böndum eða rorum. Greiðist mest tvisvar fyrir hvern sjúkling.
- 876 Rafhreinsun.** Rafhreinsun eða rafminnkun á boga. Notað í sýrubaði til að minnka þvermál boga. Greiðist mest tvisvar fyrir hvern sjúkling.
- 877 Endurlíming.** Líming eða endurlíming. Líming á tækjum eða búnaði ótalið annarsstaðar. Greiðist mest sex sinnum fyrir hvern sjúkling.
- 878 Hreinsun á lími.** Hreinsun á lími, t.d. hreinsun á umframlími eftir bandaásetningu eða stoðbogaásetningu. Greiðist mest þrisvar fyrir hvern sjúkling.
- 879 Breyting á bandi eða boga.** Breyting á bandi eða boga á klíník eða hjá tannsmíði. Greiðist mest tvisvar fyrir hvern sjúkling.
- 881 Brottnám fastra tækja, hvor gómur.** Föst tæki fjarlægð af tönnum og lím hreinsað. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm.
- 882 Stoðbogi.** Sýruæting, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og líming stoðboga á bakhlið tanna annars gómsins. Hreinsun á umframlími innifalinn. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 886 fyrir sama góm.
- 884 Röspun.** Glerungsminnkun með stálröspum eða demantsbor. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm.
- 885 Bitslípun.** Bitslípun til lagfæringar á rennsli í biti eða fjarlægingu á bithindrunum, t.d. fyllingar eða kúspar. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm.
- 886 Stoðbogi (óbein aðferð).** Stoðbogi limdur með aðstoð gúmmíbakka á bakhlið tanna, án vinnuáts. Aðgerðin felur í sér sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu stoðboga á bakhlið tanna. Hreinsun á umframlími innifalinn. Tannsmíðakostnaður innifalinn. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 882 fyrir sama góm.
- 887 Skæni.** Þunnur stoðgómur gerður í loftæmivél, án vinnuáts. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern sjúkling.
- 888 Rýmishaldari.** Aðgerðin felur í sér aðlögun rýmishaldara, sýruætingu, yfirborðsmeðhöndlun með bindiefnum og límingu með plastblendi. Greiðist aðeins þegar um ótímabært tap barnatanna er að ræða og veruleg hættu er á alvarlegri riðlun á biti vegna þess. Greiðist ekki eftir 5 ára aldur sjúklings vegna fram- og augntanna og 8 ára aldur vegna barnajaxla nema að undangenginni samþykkt á umsókn. Verkið skal skrá á númer þeirrar tannar sem tapast hefur.

Bitlækningar og bittæki.

Endurgreiðsla miðast við að í gjaldskrárnúmerum kaflans sé innifalinn öll klínísk vinna, aðlögun, eftirfylgni og annað, til fullra loka verksins. Meðferð, aðra en 926, skal skrá á númer þess góms sem unnið er við hverju sinni; 01 eða 02.

921 Bithækkunarplata, slökunargómur. Aðgerðin felur í sér að hörðum bitgómi, sem þekur hluta tannbogans (oftast framtennur efri kjálka), er komið fyrir í munni tímabundið með það fyrir augum að slaka á bitvöðvum eða til þess að vinna bug á djúpu biti. Greiðist án umsóknar fyrir börn og lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 921-923.

922 Bitspelka, hörð. Aðgerðin felur í sér að harðri plasthlíf er þekur tyggingarfleti tanna á efri eða neðri kjálka, er komið fyrir í munni til verndar tyggingafærum eða til að losa tyggingavöðva undan áhrifum þéttasta bits. Bitgómurinn getur verið sléttur, með bitföllum eða með skildi að framan (skjaldgómur) sem heldur kjálkanum í ákveðinni stöðu. Stoðtækið er nokkurs konar hækja fyrir kjálkann. Greiðist án umsóknar fyrir börn og lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 921-923.

923 Bithlíf, mjúk. Aðgerðin felur í sér að mjúkri plasthlíf er þekur tyggingarfleti tanna á efri eða neðri kjálka, er komið fyrir í munni til verndar tyggingafærum tímabundið. Greiðist án umsóknar fyrir börn og lífeyrisþega en annars aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 921-923.

926 Bitslípun. Aðgerðin felur í sér að bitfletir tanna eru slípaðir markvisst til að minnka álag á stakar tennur, fjölga bitsnertingum við valt bit, fjarlægja bittálma, sem undirbúning fyrir tanngervi, við lokafrágang eftir tannréttingar og kjálkafærslu. Greiðist mest einu sinn í hverri heimsókn og mest þrisvar sinnum á hverjum 12 mánuðum.

932 Þvingunar- eða krossbitsplata. Plata í efri góm til að upphefja þvingað bit eða krossbit. Greiðist aðeins fyrir börn á tannskiptaaldri og mest einu sinni. Greiðist ekki ef áður hefur verið greiddur styrkur vegna tannréttinga samkvæmt ákvæðum V. kafla reglugerðar nr. 451/2013 (gjaldskrárnúmer 809 eða 810).

190, 290, 390, 490, 590, 690, 790. Meðferð, ekki talin annars staðar, skv. umsókn. Í fyrstu sjö flokkum gjaldskrárinnar er eitt gjaldskrárnúmer sem notað er fyrir meðferð, sem ekki verður með góðu móti felld undir önnur gjaldnúmer. Sjúkratryggingar Íslands skulu meta hvort meðferðin er nauðsynleg og endurgreiðsla heimil samkvæmt anda reglugerðar nr. 451/2013. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt SÍ á umsókn.

7. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða, að hluta eða öllu leyti, kostnað vegna þeirra tannréttinga sem falla undir V. kafla reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar. Endurgreiðslan skal vera í formi styrks og skal hann greiddur í tvennu eða þrennu lagi að lokinni ísetningu fastra tækja, sbr. 2. mgr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða 100.000 kr., samkvæmt staflíðum a. og b., vegna tannréttinga sem krefst meðferðar með föstum tækjum í annan góminn en 150.000 kr. samkvæmt staflíðum a. og c. vegna tannréttinga sem krefst meðferðar með föstum tækjum í báða góma:

- 50.000 kr. þegar meðferð er hafin.
- 50.000 kr. að meðferð lokinni.
- 100.000 kr. að meðferð lokinni. Taki meðferð lengri tíma en 12 mánuði er þó heimilt að skipta greiðslunni í tvennt og greiða 50.000 kr. að 12 mánuðum liðnum og 50.000 kr. að meðferð lokinni.

Skilyrði fyrir greiðslu Sjúkratrygginga Íslands er að sérfræðingur í tannréttingum hafi sent Sjúkratryggingum Íslands staðfestingu á því að meðferð með föstum tækjum sé hafin. Jafnframt er það skilyrði að framvísað sé reikningum sérfræðings í tannréttingum vegna viðkomandi meðferðar sem eru jafnháir eða hærri, reiknað út frá gjaldskrá þessari, en samsvarar endurgreiðslum samkvæmt þessari grein.

Á reikningi (greiðslukvittun) skulu koma fram eftirtalin gjaldnúmer og heiti verks:

Gjaldnúmer	Heiti verks/Skýringar á greiðslutilhögun	Verð kr.
809	Tannrétting/Föst tæki í annan tannbogann.	
	Að lokinni uppsetningu fastra tækja	50.000
	Að loknu brotnámi fastra tækja	50.000
	Samtals	100.000

Nr. 305

17. mars 2014

810	Tannrétting/Föst tæki í báða tannbogana.	
	Að lokinni uppsetningu fastra tækja	50.000
	Tólf mánuðum síðar	50.000
	Að loknu brotnámi fastra tækja	50.000
	Samtals	150.000

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 451/2013, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, öðlast gildi 11. apríl 2014 og er gildistími sá sami og gildistími reglugerðar nr. 451/2013.

Sjúkratryggingum Íslands, 17. mars 2014.

Steingrímur Ari Arason.

Katrín Eydís Hjörleifsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. mars 2014